



Veggmynd

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að útbúa fallegan nytjahlut úr náttúrulegu efni.

Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Umhverfismennt, stærðfræði, myndmennt, hönnun og smíði.

Yngsta og miðstig.



VERKLÝSING

Hér er um að gera að kynna nemendur fyrir árssprotum limgerðisplantna. Taka þarf sverari hluta árssprotana, þar sem þeir grennstu eru of sveigjanlegir. Best er að vinna efnið á meðan það er nýtt.

Nemandi getur vel klippt niður efnið og þarf að passa að það sé alltaf jafnlangt. Tilvalið að nýta stærðfræði kennslu með ef hægt er að koma því við. Láta nemendur mæla hverja grein áður en klippt er.

Hver nemandi hnýtir síðan saman sína mottu með snæri. Í þessu tilfelli gerðu nemendur síðan myndir úr trölladegi til að hengja á sinn veggplatta.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Klippur, mælistika, snæri.